

GJALDSKRÁ

Bláskógaveitu (hitaveitu), Bláskógabyggð.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Bláskógaveitu frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Afnotagjöld af heita vatninu eru sem hér segir:

Daggjald/mælagjald/hemlagjald:

Stærð mælis/hemils	DN 15 mm	37,92	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 20 mm	38,90	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 25 mm	58,92	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 32 mm	61,09	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 40 mm	100,95	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 50 mm	152,14	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 65 mm	186,69	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 80 mm	217,79	kr./dag

Heitt vatn um rennslismæli, í Biskupstungum:

H1A.	Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	107,91	kr./m ³
H3A.	Garðyrkja/Hitaveitan Brúin	26,59	kr./m ³
V4A.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	80,94	kr./m ³

Heitt vatn um hemil, í Biskupstungum:

L1.	Garðyrkja	11,62	kr./mínútulítra á dag
L2.	Íbúðarhús/sumarhús	95,56	kr./mínútulítra á dag
L3.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	40,20	kr./mínútulítra á dag
H1D.	Hemlagjald	81,80	kr./mínútulítra á dag

Heitt vatn um rennslismæli, í Laugardal:

H1L.	Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	107,91	kr./m ³
H3L.	Garðyrkja	26,59	kr./m ³
V4L.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	80,94	kr./m ³

Heitt vatn um hemil, í Laugardal:

H2.	Íbúðarhús/sumarhús	95,56	kr./mínútulítra á dag
H4.	Mýrarhúsaskógur	95,56	kr./mínútulítra á dag

3. gr.

Tengigjöld Bláskógaveitu eru sem hér segir:

Íbúðarhús að 450 m ³	312.598	kr. m ³ umfram m ³ 234 kr.
Opinberar byggingar og iðnaðarhús að 450 m ³	312.598	kr. m ³ umfram m ³ 67 kr.
Gróðurhús og stórnotendur	5.278	kr. mínútulítrinn lágmark 60 m/l
Sumarhús	529.844	kr. fast gjald

4. gr.

Tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við byggingarvísitölu. Grunnvísitala (grunnur 2010) októbermánaðar 2013, 118,7 stig. Bláskógaveitu er heimilt að breyta tengigjöldum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Lágmarksnotkun fyrir sumarhús er 642 rúmmetrar á ári og ávallt skal greiða fyrir þá notkun samkvæmt gjaldskrá. Fari ársnotkun sumarhúss fram yfir 642 rúmmetra á ári, þá skal greiða fyrir hvern umframrúmmetra skv. gjaldskrá ásamt lágmarksnotkunargjaldi. Fastagjald greiðist óháð notkun.

6. gr.

Lágmarksstilling á hemli verður 3 l/m.

7. gr.

Bláskógaveita hefur rétt til að loka fyrir afhendingu á heitu vatni til húsveitu viðskiptamanns sem vanrækt hefur að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 7.027 kr.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af veitustjórn Bláskógaveitu þann 28. nóvember 2016 og sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 1. desember 2016, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 70/2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2016.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.